


Niðurstöður úr foreldrakönnun vor 2019

Svarhlutfall í könnuninni þetta skiptið var ekki upp á marga fiska en það var rétt rúmlega 59% svarhlutfall. Reyndar er hægt að útskýra þetta lága svarhlutfall. Foreldrar svöruðu alveg eins könnun á vegum ytra matsins, núna síðast í október og vorum við því ekki að ýta mikið á eftir foreldrum að svar þessari könnun.



Hér má sjá svarhlutfall úr viðhorfskönnunum sem foreldrar hafa svarað síðustu árin. 2017 hefur verið eitthvað rosalegt met ár hjá okkur.

Helstu niðurstöður úr könnuninni þetta árið eru:

Styrkleikar:

- Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum. Hlutfall þeirra foreldra sem eru mjög sammála þessari fullyrðingu hefur farið hækkandi síðustu ár. 2015 voru 76% foreldra mjög sammála og 21% sammála. Núna 2019 eru 86,8% foreldra mjög sammála og 10,5% sammála.
- Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks. Fleiri foreldrar eru nú mjög sammála þessari fullyrðingu en árið 2015 voru 75% foreldra mjög sammála og núna 2019 eru 89,7% mjög sammála.

- Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum. Þetta hefur verið styrkleiki hjá okkur í gegnum árin. En rúmlega 97% foreldrar eru sammála eða mjög sammála þessari fullyrðingu.
- Leikskólanum er vel stjórnað. Niðurstöður sína að þessi þáttur er og hefur verið mjög góður í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

- Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum. Í kringum 65% foreldrar eru/hafa verið mjög sammála eða frekar sammála þessari fullyrðingu.
- Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður. Frá 2015 hefur þessi punktur farið lækandi. Árið 2015 voru 45% þátttakanda mjög sammála þessari fullyrðingu en núna árið 2019 voru aðeins 28% mjög sammála.